

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok september 2004

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok september 2004 og til samanburðar í lok ágúst 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,6 milljarða króna í september sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína. Þrátt fyrir gengistap af völdum 0,6% hækkunar á gengi krónunnar í september jókst gjaldeyrisforði bankans um 0,3 milljarða króna í mánuðinum og nam 71,1 milljarði króna í lok hans sem jafngildir 1.004 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir minnkuðu um 11,5 milljarða króna í september og námu 9,6 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir jukust og námu 10,7 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,2 milljörðum króna í septemberlok miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir drógust saman í mánuðinum um 5,3 milljarða króna og námu 18 milljörðum króna í mánaðarlok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir stóðu því sem næst í stað.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana minnkuðu um 3,9 milljarða króna í september og námu 20 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans minnkaði í september um 5,5 milljarða króna og nam 29 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 30. september 2004

| | STADA | STADA | STADA | HREYFINGAR 2004 | |
|--|-----------------|------------------|-----------------|------------------|------------------|
| | 31.12.03 | 31.08.04 | 30.09.04 | Á árinu | Í september |
| EIGNIR | 87.307,0 | 101.896,3 | 91.817,6 | 4.510,6 | -10.078,6 |
| Erlendar eignir | 58.274,1 | 70.988,6 | 71.294,7 | 13.020,6 | 306,1 |
| a Gull | 1.873,2 | 1.872,8 | 1.877,4 | 4,2 | 4,6 |
| b Sérstök dráttarréttindi IMF | 3,5 | 5,4 | 5,3 | 1,8 | -0,1 |
| c Gjalddeyrisstaða við IMF | 1.962,8 | 1.961,9 | 1.937,3 | -25,5 | -24,6 |
| d Erlendir bankar | 22.739,6 | 28.163,3 | 27.153,5 | 4.413,9 | -1.009,8 |
| e Erlend verðbréf og ríkisvöxlar | 31.529,2 | 38.825,4 | 40.162,6 | 8.633,4 | 1.337,2 |
| f Erlendar eignir utan forða | 165,9 | 159,9 | 158,7 | -7,2 | -1,2 |
| Innlánsstofnanir | 24.038,2 | 21.076,1 | 9.614,5 | -14.423,8 | -11.461,7 |
| a Endurhverfir samningar | 24.038,2 | 20.646,1 | 9.614,5 | -14.423,8 | -11.031,7 |
| b Daglán | 0,0 | 430,0 | 0,0 | 0,0 | -430,0 |
| c Aðrar kröfur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Aðrar fjármálastofnanir | 4.192,6 | 9.683,9 | 10.738,5 | 6.545,9 | 1.054,6 |
| a Markaðsskráð verðbréf | 3.223,2 | 3.182,7 | 3.209,1 | -14,1 | 26,4 |
| b Endurhverfir samningar | 969,4 | 6.501,1 | 7.529,4 | 6.560,0 | 1.028,2 |
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 715,5 | 31,4 | 31,6 | -683,9 | 0,3 |
| a Markaðsskráð spariskírteini | 715,5 | 31,4 | 31,6 | -683,9 | 0,3 |
| Aðrar eignir | 86,5 | 116,3 | 138,3 | 51,8 | 22,0 |
| SKULDIR OG EIGID FÉ | 87.307,0 | 101.896,3 | 91.817,6 | 4.510,6 | -10.078,6 |
| Erlendar skuldir til skamms tíma | 123,6 | 495,4 | 494,5 | 370,9 | -0,9 |
| Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF | 1.734,7 | 1.734,0 | 1.712,5 | -22,2 | -21,5 |
| Seðlar og mynt | 10.583,5 | 11.205,9 | 10.973,0 | 389,5 | -232,8 |
| Innlánsstofnanir | 11.116,9 | 23.301,9 | 17.996,6 | 6.879,8 | -5.305,3 |
| a Innstæður | 6.615,7 | 5.336,3 | 7.539,6 | 923,9 | 2.203,3 |
| b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis | 3.825,0 | 1.452,2 | 1.452,2 | -2.372,8 | 0,0 |
| c Innstæðubréf | 4.501,2 | 16.513,4 | 9.004,8 | 4.503,6 | -7.508,6 |
| d Aðrar kröfur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Aðrar fjármálastofnanir | 33,2 | 10,1 | 16,2 | -17,0 | 6,2 |
| a Innstæður | 33,2 | 10,1 | 16,2 | -17,0 | 6,2 |
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 22.900,7 | 23.808,8 | 19.956,4 | -2.944,3 | -3.852,4 |
| a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs | 9.689,1 | 16.214,9 | 12.387,1 | 2.698,0 | -3.827,8 |
| b Ríkisstofnanir | 1.207,6 | 1.078,5 | 998,9 | -208,7 | -79,6 |
| c Gjalddeyrisreikningar ríkissjóðs | 487,1 | 739,6 | 766,4 | 279,2 | 26,7 |
| d Bundið innlán | 11.516,9 | 5.775,7 | 5.804,1 | -5.712,8 | 28,4 |
| Aðrar skuldir | 597,5 | 518,2 | 529,2 | -68,3 | 10,9 |
| Áætluð afkoma ársins fyrir skatt | . | 604,9 | -77,9 | -77,9 | -682,8 |
| Gengishagnaður/-tap á árinu | . | 250,3 | -498,8 | -498,8 | -749,1 |
| Áætlaður hagnaður af rekstri | . | 354,6 | 420,9 | 420,9 | 66,3 |
| Stofnfé og annað eigið fé | 40.217,1 | 40.217,1 | 40.217,1 | - | - |
| Liðir til skýringar | | | | | |
| Gjalddeyrisforði (erlendar eignir, a - e) | 58.108,2 | 70.828,7 | 71.136,0 | 13.027,8 | 307,3 |
| Gjalddeyrisstaða, nettó | 57.984,6 | 70.333,3 | 70.641,5 | 12.656,9 | 308,2 |
| Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó | 22.185,2 | 23.777,4 | 19.924,7 | -2.260,4 | -3.852,7 |
| Kröfur á aðra, brúttó | 28.317,4 | 30.876,3 | 20.491,3 | -7.826,1 | -10.385,0 |
| Grunnfé | 21.700,4 | 34.507,8 | 28.969,7 | 7.269,3 | -5.538,1 |

Allar fjárhæðir í milljónum króna